UPSTAIRS
Transition to Primary School

2. Vinnustofa:

Tilfinningafærni, félagsfærni

Námskeið fyrir foreldra, leikskólakennara og grunnskólakennara









Co-funded by the Erasmus+ Programme of the European Union

Tilfinningaþroski

Tilfinningaþroski er eitt mikilvægasta ferli persónuleikaþróunar. Hann er afleiðing af gagnkvæmum áhrifum arfgengra viðbragða við tilfinningalegum aðstæðum og félagsmótunarferlis frá fjölskyldunni og nánasta umhverfi barnsins.





- Tilfinningaþroski felur í sér:
  - Tjáningu tilfinninga
  - Að skilja tilfinningar
  - Þróun samkenndar
  - Þróun sjálfsvitundar og sjálfsmyndar
  - Þróun tengsla



- Með félagsþroska er átt við skilning barnsins á heiminum í kringum það.
- Barnið fær smám saman áhuga ekki aðeins á náttúrulegu og tæknilegu umhverfi sínu, heldur líka á sjálfu sér og fólkinu í kringum það.
- Á þessu sviði þróast skilningur barnsins frá hinu áþreifanlega yfir í hið óhlutbundna: frá því að fylgjast með hegðun annarra og sinni eigin yfir í að að skilja bæði langanir sínar og annarra (þrá, tilfinningar, hugsanir, fyrirætlanir og hæfileika).



Hvað ætti tilfinningalega þroskað barn að geta gert?

- Það getur nefnt langanir, hugsanir og tilfinningar og talað um þær
- Það veit að það hefur rétt á að tjá tilfinningar á viðeigandi hátt (það getur verið reitt en við sláum ekki, það getur verið hamingjusamt en við hoppum ekki upp á borð)
- Það hlakkar til árangurs, þolir mistök og reynir aftur eftir mistök
- Það er áhugasamt um að standa sig vel og hefur þróað öryggistilfinningu og sjálfstraust

- Það hefur samúð með öðrum
- Það hjálpar þeim sem þurfa á hjálp að halda og veitir þeim sem eru í vanda huggun
- Það getur frestað bráðri þörf og beðið eftir að röðin komi að því

Hlutverk fullorðinna

Þessi tilfinningalega færni er ræktuð með stöðugum og styðjandi samskiptum við bæði kennara og foreldra.
Öruggt umhverfi þar sem börn upplifa að á þau sé hlustað og þau skilin, að þeim séu boðin tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og þar sem þau fá leiðbeiningar með vandamál sín er lykillinn að því að þau þrói þessa færni.

Hvað ætti félagslega þroskað barn að geta?

- Það þekkir (og virðir) reglur hópsins sem það tilheyrir
- Það veit hvað er félagslega ásættanleg hegðun og hvað ekki
- Það notar menningarlega viðeigandi setningar (takk, fyrirgefðu mér...)
- Það sýnir samvinnu og leysir minniháttar árekstra með málamiðlunum
- Það hugsar vel um hluti, þrífur leikföng og vinnupláss
- Það deilir leikföngum (hlutum) með öðrum
- Það hefur eigin vinahóp





Hlutverk fullorðinna

Að efla félagsfærni barna krefst yfirvegaðrar nálgunar.
Það þarf að veita þeim tækifæri til að eiga samskipti við aðra, leiðbeina þeim í að skilja og virða mismunandi sjónarmið og vera fyrirmyndir í jákvæða félagslega hegðun.